

STYRKTARSJÓÐUR EBÍ

Umsóknareyðublað

Vandið umsóknina og gerið eins skýra grein fyrir hverjum lið og kostur er.

HEITI VERKEFNIS:

Vatneyrarbúðin – uppsetning fræðslu- og sögusýningar

Nafn umsækjanda (sveitarfélag, einstaklingur)

Vesturbyggð

Heimilisfang og póstnúmer

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði

Símanúmer og netfang

450 – 2300 – vesturbyggd@vesturbyggd.is

Nafn forsvarsmanns eða þess sem sækir um styrkinn f.h. sveitarfélags

Rebekka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri

1. Lýsið verkefninu sem sótt er um styrk til:

Sótt er um styrk til uppsetningar á fræðslu- og sögusýningu í Vatneyrarbúð, Aðalstræti 1 á Patreksfirði. Styrknum er ætlað að standa undir hluta þess kostnaðar sem fellur til uppsetningar muna er tengjast togara- og verslunarsögu Patreksfjarðar. Húsið var byggt árið 1916 og var ytra borð þess friðlýst skv. auglýsingu nr. 422/2016. Í húsinu var lengi vel ein helsta verslunin á Patreksfirði og er húsið eitt af mikilvægum vitnisburðum um atvinnusögu Patreksfjarðar. Margir innanstokksmunir tilheyra húsinu og tengjast rekstri þess, bæði innréttingar, húsgögn, smámunir og myndir. Hafa þessir munir nú verið í geymslu um árabíl, á meðan endurbótum við húsið sjálf hafa staðið yfir. Á árinu 2022 hefur verið unnið í því að skrá og mynda munina og koma upplýsingum um þá á stafrænt form. Eftir stendur að koma mununum fyrir í húsnæðinu að nýju, en í húsnæðinu er gert ráð fyrir að fjölbreytt starfsemi fari fram.

Markmið verkefnisins er að tryggja að þeir munir sem tilheyra húsinu, rati aftur inn í húsið og þar verði sögu þeirra í tengslum við húsið gerð nánari skil. Í húsinu sjálfu er gert ráð fyrir starfsemi nýsköpunar- og þekkingaseturs og er því gert ráð fyrir að munir Vatneyrarbúðar verði til sýnis í húsinu í bland við þá starfsemi sem þar muni fara fram. Gert er m.a. annars ráð fyrir aðstöðu fyrir þá sem stunda störf án staðsetningar, aðstaða fyrir námsmenn í háskólanámi o.fl. Þá er gert ráð fyrir samhliða uppsetningu munanna, uppsetningu og smíði innréttinga fyrir safnamuni mun fara fram vinnsla upplýsingaskilta um einstaka muni.

2. Hvenær hófst/hefst vinna við verkefnið og hvenær er gert ráð fyrir að henni ljúki?

Skráningu muna úr húsinu mun ljúka í apríl 2022. Þá eru framkvæmdir við húsnæðið sjálf á lokametrunum og er áætlað að uppsetning munanna geti hafist haustið 2022. Áætlað er að um 3 mánuði muni taka að undirbúa sýninguna og koma henni upp.

3. Verk- og tímaáætlun fyrir verkefnið:

September 2022 – undirbúningur, hönnun og smíði innréttinga fyrir safnamuni
 Október 2022 – skipulag og uppsetning muna, fræðsla og lýsing muna undirbúin
 Nóvember 2022 – upplýsingaskilti, skiltagerð og yfirlit sýningarinnar

Verklok við uppsetningu munanna og opnun sýningarinnar eru áætluð 1. desember 2022.

4. Kostnaðaráætlun:

<i>Kostnaðarliðir</i>		<i>Krónur</i>
Laun og launatengd gjöld		1.486.375
Húsnæði		450.000
Flutningur muna og uppsetning		350.000
Ráðgjöf safnstjóra		650.000
Efni til uppsetningar		1.000.000
Skiltagerð, prentun o.fl.		750.000
	<i>Samtals</i>	4.686.375

5. Fjármögnun:

<i>Framlög og áætlaðar tekjur</i>		<i>Krónur</i>
Eigið framlag		2.686.375
	<i>Samtals</i>	2.686.375

6. Fjárhæð sem sótt er um til Styrktarsjóðs EBÍ:

kr. 2.000.000

7. Skrá um fylgiskjöl með umsókninni:**1. Vatneyrabúðin, Patreksfirði**

2. <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/vestfirdir/nr/1228>
3. <https://www.minjastofnun.is/media/husakannanir/Husakonnun-og-greinagerd-Vatneyri-01.10.2019.pdf>

8. Aðrar upplýsingar sem umsækjandi óskar að koma á framfæri:

Árið 1912 hófst undirbúningur að smíði nýrrar búðar Milljónafélagsins á Vatneyri þar sem gamla sölubúðin var löngu úr sér gengin. Smíði hússins lauk 1916 en þá hafði Ólafur Jóhannesson eignast Vatneyri. Í húsinu var verslun, vörugeymsla og skrifstofur þaðan sem fyrirtæki Ólafs og síðar sona hans, Vatneyrabræðra, var stjórnað. Litli kvisturinn var settur á húsið þegar sjóflugur byrjaði til Patreksfjarðar og var hann með fjarskiptatækjum. Vindátt var tekinn af flaggstönginni. Þegar Vatneyrarfyrirtækin hættu rekstri stóð búðin eftir með öllum inréttingum og gögnum. Þegar uppgerð á búðinni hófst undir leiðsögn Húsafriðunarnefndar voru munir og innréttingar settar í geymslu. Vatneyrabúðin var friðlýst þann 10. nóv. 2014 og vóg þar þungt samhengi við önnur atvinnuhús í næsta nágrenni, smiðju, salthúss, pakkhúss o.fl. Vatneyrabúðin, ásamt innanstokksmunum, hefur ótvírætt varðveislugildi sem vitnisburður um atvinnusögu Patreksfjarðar. Ennfremur er húsið sjálft einstakt og á ekki sinn líka á Patreksfirði. (*Húsakönnun Patreksfirði, 2019*)

Patreksfirði, 7. apríl 2022

Staður og dagsetning

Jekleika Hilmarsson
 Undirskrift umsækjanda/forsvarsmanns
 BÆJARSTJÓRI

Umsóknina skal senda rafrænt á:

brunabot@brunabot.is

eða í pósti til:

Styrktarsjóður EBÍ

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogur